



Skýrsla um sjálfsmat Reykjahlíðarskóla

skólaárið 2019 - 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skipulag innra mats skólaárið 2019 - 2020.....	3
Framkvæmd innra mats skólaárið 2019 - 2020.....	4
Gagnaöflun	5
Stjórnun og fagleg forysta.....	6
Nám og kennsla.....	8
Lesferill.....	9
Samræmd könnunarpróf	10
Skólabragur 2019-2020.....	11
Starfsánægja og líðan starfsmanna	12
Líðan nemenda	12
Innra mat (mat á starfi skólans við innra mat)	14
Skipulag.....	14
Framkvæmd.....	15
Umbætur	16
Umbótaáætlun skólaársins 2020 - 2021	18

Inngangur

Á vorönn 2019 gerði Menntamálastofnun ytra mat á starfi Reykjahlíðarskóla. Skýrslu um þá úttekt má finna [hér](#) en þar koma fram mikilvæg atriði sem sýna hvar styrkleikar skólans liggja og hvert skal halda. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig aðilar ytra matsins mátu stöðuna á þeim tíma.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak námskrá og	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Í kjölfar ytra mats var unnin [umbótaáætlun](#) skólans til þriggja ára. Á skólaárinu 2019 - 2020 var unnið að umbótum samkvæmt þeirri áætlun og verður unnið áfram samkvæmt henni til næstu tveggja ára eða þar til umbótum er lokið. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Reykjahlíðarskóla er að flestir, helst allir þættir, samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf þegar umbótum verður lokið. Sjálfsmatsteymið hefur gert [mat á stöðu umbótaáætlunar](#) að loknu þessu skólaári sem skólinn og sveitarfélagið hafa skilað til Menntamálastofnunar. Staða verkefna samkvæmt því mati er í góðum farvegi.

Skólaárið 2019 - 2020 hefur farið fram endurskoðun á innra mati í Reykjahlíðarskóla. Í upphafi þeirrar endurskoðunar voru sett markmið um að innra matið verði kerfisbundið, eðlilegur hluti af skólastarfinu og það beinist ætíð að því að tryggja gæði náms og kennslu sem og trausta og faglega stjórnun. Eitt af lykilatriðum í innra mati er að upplýsa skólasamfélagið um styrkleika og veikleika skólans á hverjum tíma og stöðu starfseminnar samkvæmt kröfum yfirvalda menntamála.

Innra mat á skólastarfinu hefur það markmið að bæta námsárangur og námsaðstæður nemenda með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Reykjahlíðarskóla þar sem mat er lagt á hvernig og hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.

Ný umbótaáætlun er unnin í kjölfar innra mats þar sem listaðir eru upp þeir þættir sem þarf að bæta samkvæmt niðurstöðum úr innra mati þessa skólaárs. Lýsingu á skólanum og tölulegar upplýsingar og matsáætlanir er að finna í starfsáætlun á heimasíðu. Áætlunin stóðst að flestu leyti en bið kom á framkvæmdir í mars og apríl vegna samkomubanns vegna Covid-19 og ekki tókst að funda um niðurstöður matsins með skólaráði fyrir skólalok.

Skipulag innra mats skólaárið 2019 - 2020

Skólastjóri Reykjahlíðarskóla er ábyrgur fyrir að innra mat sé viðhaft í skólanum og að allir hagsmunaaðilar virði tilgang þess. Matsteymi var skipað haustið 2019 og í því sitja: Sólveig

Jónsdóttir skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir kennari og Sigríður Sigmundsdóttir kennari. Matsteymið stýrir innra matinu í samráði við skólaráð um framkvæmdaþætti. Matsteymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagi til eftirfylgni við umbætur. Ráðgjafi Tröppu ehf. kemur að ráðgjöf við skipulag og eftirfylgni á matinu. Allir starfsmenn, foreldrar og nemendur eiga þátt í innra matinu.

Innra matið er kerfisbundið þar sem það er skipulagt fyrirfram og er matskerfi skólans lýst í [skólanámskrá](#) og [starfsáætlun](#). Við endurskoðun á sjálfsmatsaðferðum skólans hefur verið gerð [langtímaáætlun](#) til fimm ára þar sem tilteknir eru matsþættir fyrir hvert skólaár. Skólinn hefur sett sér markmið og gæðaviðmið um þáttinn *innra mat*. Á næsta skólaári er áætlað að setja fram gæðaviðmið um þættina *stjórnun og faglega forystu og nám og kennslu*.

Viðfangsefnum skólaársins 2019 - 2020 er lýst í [áætlun um innra mat](#). Megináhersla var lögð á að skipulag innra mats væri skýrt, markmiðabundið og viðmið skólans færð í orð. Metið er í lok skólaársins hvernig gengið hefur eftir.

Innra matið er skipulagt með það fyrir augum að starfsfólk, nemendur og foreldrar hafi sitt að segja um skipulag og framkvæmd matsins og hefur skólaráð þar mikilvægu hlutverki að gegna sbr. starfsáætlun skólaráðs í [starfsáætlun skólans](#) bls. 15.. Málefni sem tengjast innra mati hafa verið sett á fundaáætlun sbr. [starfsáætlun skólaársins](#) bls. 11 - 13. Gagnaöflunarleiðir sem áætlað var að nýta eru fram settar í áætlun um innra mat og þess gætt að leita til allra hópa með viðeigandi leiðum hverju sinni og byggja matið á traustum gögnum.

Framkvæmd innra mats skólaárið 2019 - 2020

Í niðurstöðum á ytra mati Menntamálastofnunar á starfsemi Reykjahlíðarskóla sem gert var árið 2019 kom fram að endurskoða þyrfti sjálfsmat/innra mat skólans með það fyrir augum að matið þyrfti að byggja á fjölbreyttri gagnaöflun og einnig þyrfti að leita betur eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila; kennara, annarra starfsmanna, foreldra og nemenda varðandi skipulag og framkvæmd innra mats. Endurskoðun hefur átt sér stað á skólaárinu og leitast við að færa þennan mikilvæga þátt skólastarfsins til betri vegar.

Það er metnaðarmál í Reykjahlíðarskóla að allir þættir mats á skólastarfinu taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Matsteymi skólans vann ítarlega áætlun um mat á matsþættinum *innra mat*. Gæðaviðmið skólans sem sett voru um þáttinn *innra mat* byggja á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar sem sett eru fram í [Gæðastarf í grunnskólum](#) sem og [Matstækis um þróun skólastarfs](#) og er það markmið skólans að verða á 5. stigi skv. því matstæki. Gæðaviðmiðin voru í vinnslu matsteymis, lögð fram til umræðu og samþykktar í starfsmannahópnum og í skólaráði. Þau voru formlega sett fram í áætlun um innra mat um leið og búið var að kynna áætlunina í skólanefnd. Áætlun skólaársins er að finna [hér](#). Matsþátturinn *innra mat* er metinn í heild sinni á skólaárinu auk þess sem ákveðnir þættir eru metnir árlega samkvæmt langtímaáætlun þ.e. árangur náms og gæði kennslu sem og líðan nemenda og starfsfólks.

Þar sem ytra mat á skólastarfinu kemur að öllum matsþáttum og unnið er að umbótum allra þátta samkvæmt umbótaáætlun í kjölfar ytra mats er hér farið yfir alla matsþættina í þeim tilgangi að skerpa og upplýsa sem best um stöðu mála og hvernig umbótum er fylgt eftir.

Gagnaöflun

Leitast hefur verið við að afla gagna með þeim hætti sem varpa hvað bestu ljósi á viðfangsefnið hverju sinni. Ýmsar gagnaöflunarleiðir hafa verið reyndar sem skólinn hefur ekki nýtt sér áður við innra mat en jafnframt hefur verið byggt á fyrri reynslu innan skólans við öflun gagna.

- Nemendaping þar sem nemendur fjölluðu um skólastarfið út frá nokkrum spurningum sem komu frá Barnaheill
- Rýnihópar foreldra og starfsmanna þar sem rýnt var í samstarf heimilis og skóla og skóla og grenndarsamfélags. Metið var út frá gátlista Matstækis um þróun skólastarfs, stoð 6
- Starfsmannasamtöl (upplýsingar sem eru ekki trúnaðarmál)
- Rýnihópar kennara um niðurstöður samræmdra prófa, lesferilsprófa og annara prófa skv. skimunaráætlun skólans
- Rafrænar spurningakannanir um líðan voru tvívegis lagðar fyrir nemendur á árinu
- Vettvangsathuganir í kennslustundum
- Mat kennara á nýtingu kennsluáðferða samkvæmt gátlistum.
- Rafræn spurningakönnun til foreldra um líðan barna þeirra
- Rafræn spurningakönnun til starfsmanna um innra mat og líðan þeirra á vinnustaðnum

- Fundargerðir kennara-, starfsmanna- og skólaráðsfunda nýttar til að halda utan um ígrundun og umræður sem og að koma upplýsingum á framfæri.

Stjórnun og fagleg forysta

Eftirtaldir matskaflar tilheyra matsþættinum *stjórnun og fagleg forysta* skv. ytra mati

Menntamálastofnunar:

- Samvirkni í stefnumótun
- Faglegt samstarf og samræða
- Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
- Umbætur og innleiðing breytinga
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
- Starfsmannastjórnun og verkaskipting
- Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Heildarendurskoðun á markmiðum og viðmiðum um matsþáttinn *stjórnun og faglega forystu* mun fara fram á næsta skólaári og verður þá einnig metinn sérstaklega út frá ítarlegri áætlun.

Í umbótaáætlun í kjölfar ytra mats árið 2019 eru nefndir nokkrir umbótaliðir sem hafa allir verið teknir til endurskoðunar og eru í umbótaferli, sjá [mat á umbótaáætlun](#).

Gagnaöflun

- Heimasíða skólans
- Starfsáætlun
- Mat á starfsáætlun
- Rýnihópar starfsmanna og foreldra - [samantekt niðurstaðna á heimasíðu](#)
- Fundargerðir kennara-, starfsmanna- og skólaráðsfunda
- Starfsþróunarsamtöl - niðurstöður úr þeim sem ekki teljast trúnaðarmál.

Mikil endurskoðun fór fram á starfsáætlun á haustönn 2019, farið hefur fram mat á þeirri starfsáætlun og mun ný starfsáætlun m.a. byggja á því mati.

Leitast hefur verið við að efla tengsl skóla og heimila með því að boða til funda, kynna hugmyndir um skólaþróun og leita eftir mati foreldra á samstarfi heimila og skóla og samstarfi

við grenndarsamfélagið. Framhald þeirrar vinnu er áætlað í haust og mun þá verða gengið frá stefnu um samstarf heimila og skóla í samstarfi við foreldra. Foreldrar kölluðu eftir meiri kynningu og samstarfi um uppeldisstefnuna og verður hugað sérstaklega að endurskoðun stefnunnar á næsta skólaári í samhengi við endurskoðun á skólareglum.

Gerð var starfsáætlun skólaráðs sem leitast var við að vinna eftir á skólaárinu en nokkrar breytingar urðu á henni, fundir færðir til og þeim fækkað. Skólaráð fékk starfsáætlun skólaársins til endurskoðunar og til umræðu aðrar þær áætlanir sem hafa verið til umfjöllunar. Þar sem ekki hefur tekist að funda í skólaráði síðan 9. mars hafa nokkur mikilvæg atriði sem varða innra matið ekki komist til umræðu og ákvarðana þar. Opinn fundur skólaráðs þar sem farið er yfir endurskoðun á helstu áætlunum hefur ekki verið haldinn á skólaárinu en er áætlaður í september 2020.

Endurskoðuð var starfslýsing skólastjóra þar sem áréttað var það hlutverk skólastjóra að veita kennurum leiðsögn í kennslu og faglega endurgjöf. Umræða hefur verið um kennsluhætti og byrjað er að skoða viðmið um kennsluhætti samkvæmt matslistum.

Seta í nefndum og ráðum er skýrt fram sett á heimasíðu og skýrslur um þátttöku skólans í verkefnum Heilsuefandi grunnskóla og Grænfánanum eru birtar á heimasíðu skólans. Sett var upp form fyrir verklagsreglur starfandi nefnda og ráða en ekki að fullu unnið eftir því og skortur var á því að fundargerðir nefnda væru birtar á heimasíðu til að upplýsa skólasamfélagið jafnóðum um framgang verkefna.

Gerð var starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið 2019-2020 sem tók mið af aðalnámskrá, umbótaáætlun skólaársins sem og stefnum skólans og sveitarfélagsins. Í vinnslu er áætlun til næstu ára auk nákvæmari áætlunar til næsta skólaárs þar sem tekið er mið af óskum allra starfsmanna samkvæmt starfsþróunarsamtölum og [umbótaáætlun](#) í kjölfar innra mats.

Sett var skipulag á fræðslu um netöryggi inn í alla námshópa. Verið er að vinna í forvarnaráætlun skólans í samhengi við öryggi og velferð í Reykjahlíðarskóla og tekið er mið af SAFT hvað netöryggi varðar.

Hafinn er undirbúningur að þróunarverkefni skólans í samþættingu námsgreina og hæfnimiðuðu námi.

Styrkleikar

- Drög að stefnu/áætlun um samstarf heimila og skóla liggur fyrir
- Skólastjóri hvetur til þróunar kennsluhátta og dreifir forystu á verkefnum eftir styrkleikum og áhuga starfsmanna
- Gert er ráð fyrir stuðningi við starfsmenn við þróunarverkefni
- Drög að handbók um öryggi og velferð nemenda í Reykjahlíðarskóla hafa verið unnin
- Tilbúið er form fyrir verklagsreglur ráða og nefnda.
- Lagður hefur verið grunnur að þróunarverkefni um skipulag kennslu og náms út frá samþættingu námsgreina

Tækifæri til umbóta

- Ljúka gerð stefnu/áætlun um samstarf heimilis og skóla í samstarfi við foreldra með það að leiðarljósi að bæta samvirkni í samstarfi heimila og skóla
- Ljúka yfirferð á handbók um öryggi og velferð nemenda í Reykjahlíðarskóla og kynna fyrir hagsmunaaðilum
- Ráð og nefndir setji upp skýra áætlun fyrir hvert skólaár, upplýsi um framgang verkefna reglulega á heimasíðu og geri mat á starfinu samkvæmt áætlun skólaársins
- Endurskoðun á skólareglum í samhengi við uppeldisstefnuna jákvæðan aga og samstarf við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins um þá vinnu
- Ljúka viðmiðum fyrir matsþáttinn *stjórnun og faglega forystu*
- Nýta enn frekar matslista og viðmið til þróunar kennsluhátta við sjálfsmat kennara, jafningjamat og leiðsögn skólastjóra við kennara í kennslu

Nám og kennsla

Eftirtaldir kaflar tilheyra matsþættinum *nám og kennsla* skv. ytra mati:

- Inntak og námskrá
- Árangur náms
- Gæði kennslu
- Skipulag náms
- Námsvitund
- Ábyrgð og þátttaka

Heildarendurskoðun á markmiðum og viðmiðum um nám og kennslu og uppeldis og menntastarf fer fram á næstu tveimur skólaárum. Skólaárið 2021 - 2022 verður matsþátturinn metinn út frá ítarlegri áætlun um matsþáttinn *nám og kennsla*. Þar til heildstæð viðmið liggja fyrir setur skólinn fram viðmið um þá þætti sem fyrirliggjandi gögn endurspegla.

Í umbótaáætlun í kjölfar ytra mats árið 2019 eru nefndir nokkrir umbótaliðir sem hafa allir verið teknir til endurskoðunar og eru í umbótaferli, sjá [mat á umbótaáætlun](#).

Gagnaöflun

- Fundargerðir rýnihópafunda kennara og kennarafunda
- Niðurstöður Lesferils
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk

Reglulega er fylgst með árangri allra nemenda, hann skráður og unnið með niðurstöður til að stuðla að framförum nemenda. Skimunaráætlun skólans er virk og nýtist til að fylgjast með árangri allra nemenda. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður og gera áætlanir til að efla framfarir nemenda. Læsisstefna skólans var unnin vorið 2019 og unnið var samkvæmt henni á skólaárinu 2019 - 2020. Verið er að leggja grunn að þróunarstarfi um breytta kennsluhætti þar sem hæfnimiðað samþætt nám og grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá er leiðarljósið ásamt skólastefnu Skútustaðahrepps og stefnu skólans. Þar með er að hefjast heildarendurskoðun á námsvísunum og skólanámskrá sem fyrirhugað er að ljúka á vorönn 2022 skv. umbótaáætlun í kjölfar ytra mats.

Árangur náms er metinn árlega og er nú metinn samkvæmt niðurstöðum nemenda í 3. - 10. bekk úr Lesferli og samkvæmt niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk.

Lesferill

1. - 2. bekkur	Regluleg stöðupróf skólans í lestri og málnotkun lögð fyrir. Námsferill hvers og eins nemanda er skráður og ef framfarir reynast ekki eðlilegar er brugðist við með viðeigandi aðferðum og efni í samstarfi við foreldra.
----------------	---

3. - 4. bekkur	Flestir sýna góðar framfarir og nokkrir verulega góðar. Nær allir hægja á lestrarhraða yfir sumartímann.
5. - 7. bekkur	Allir sýna góðar framfarir. Nær allir hægja á lestrarhraða yfir sumartímann.
8. - 10. bekkur	Flestir sýna góðar framfarir og sumir verulega góðar. Nokkrir hægja á lestrarhraða yfir sumartímann.

Samræmd könnunarpróf

Í 4. bekk eru lögð fyrir fyrstu samræmdu könnunarprófin í íslensku og stærðfræði og því ekki um að ræða samanburð við fyrri próf eins og á við í 7. og 9. bekk.

4. bekkur
Íslenska: Meirihluti nemenda stóð sig vel í lesskilningi. Málnotkun kom ekki eins vel út þar sem hæglæsir nemendur náðu ekki að ljúka þeim þætti prófsins áður en próftíma lauk. Niðurstaða þeirra nemenda sem náðu að ljúka málnotkunarlutanum var mjög góð.
Stærðfræði: Flestir nemendur stóðu sig vel. Nokkrir nemendur stóðu sig með afbrigðum vel.

Bekkur	Íslenska	Stærðfræði	Enska
7. bekkur	Framfarir allra svipaðar eða meiri en almennt gerist á landsvísu	Framfarir flestra svipaðar og almennt gerist á landsvísu	
9. bekkur	Framfarir allra svipaðar eða meiri en almennt gerist á landsvísu	Framfarir flestra svipaðar og almennt gerist á landsvísu	Allir yfir viðmiðum um lágmarksárangur

Framvinda hvers nemenda er mikilvægasti mælikvarðinn og er tekið mið af því. Í kjölfar niðurstaðna var unnið að úrbótum í samhengi við niðurstöður nemenda. Lögð var aukin áhersla á heimalestur og lestur í skóla til að efla lestækni og hraða.

Í stærðfræði í 7. og 9. bekk var hugað að úrbótum einstakra þátta þar sem framfarir reyndust minni en almennt gerist hjá nemendum.

Styrkleikar

- Læsisstefna hefur verið gerð og unnið er eftir henni til að efla læsi
- Langflestir nemendur sýna a.m.k. eðlilegar framfarir í leshraða yfir skólaárið
- Lagður hefur verið grunnur að þróunarstarfi um breytta kennsluhætti með samþættingu og hæfnimiðað nám að leiðarljós

Tækifæri til umbóta

- Þróun kennsluhátta
- Ljúka viðmiðum fyrir matsþáttinn nám og kennslu (sjá matsþáttinn innra mat).

Skólabragur 2019-2020

Eftirtaldir kaflar tilheyra matsþættinum skólabrag samkvæmt ytra mati:

- Stefna og viðhorf
- Líðan nemenda
- Nemendalýðræði
- Verklagsreglur og áætlanir

Í umbótaáætlun í kjölfar ytra mats árið 2019 voru nefndir nokkrir umbótaliðir undir þættinum skólabragur:

- Skólareglur gætu verið sýnilegri í skólanum.
- Kynna formlega fyrir nemendum og foreldrum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í.
- Fylgja vel eftir skipulagi bekkjarfunda til að þeir nýtist sem best.
- Kenna nemendum sem veljast í ráð og nefndir að vinna á þeim vettvangi.
- Endurskoða vinnulag við undirbúning og fyrirlögn kannana á viðhorfum til skólans og um líðan nemenda og finna leiðir til að efla traust þátttakenda á að svörin séu ekki rekjanleg.

Gagnaöflun

- Fundargerðir starfsmannafunda
- Rafræn spurningakönnun fyrir nemendur í 5. - 10. bekk um líðan og einelti, lögð fyrir í janúar.
- Rafræn spurningakönnun fyrir nemendur í 5. - 10. bekk um líðan og einelti, lögð fyrir í mars

- Foreldra og nemendasamtöl
- Rafræn spurningakönnun fyrir foreldra um líðan barna þeirra og um einelti, lögð fyrir í mars.
- Nemendapíng
- Rafræn spurningakönnun fyrir starfsmenn um líðan í vinnunni.

Skólareglur voru gerðar sýnilegar í skólanum en ákvörðun hefur verið tekin um að taka þær til endurskoðunar og færa þær í betra samhengi við uppeldisstefnu skólans. Á skólaárinu hefur verið unnið að handbók um öryggi og velferð nemenda í skólanum og jafnframt er í undirbúningi stefna/áætlun um nemendalýðræði sem unnin verður áfram með nemendum á komandi hausti. Í þeirri áætlun verður sett fram ákveðið skipulag á bekkjarfundum og ítrekuð gildi þess að nemendur þekki og tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð og nýti þau í skólastarfinu.

Starfsánægja og líðan starfsmanna

Í rafrænni spurningakönnun voru starfsmenn spurðir um líðan í vinnunni og upplifanir gagnvart vinnu sinni. Einnig var spurt um einelti. Við skólann starfa 13 manns og allir svöruðu könnun.

Öllum starfsmönnum finnst starfsandinn á vinnustaðnum góður eða mjög góður. Enginn telur sig lagðan í einelti eða leggur aðra í einelti.

Líðan nemenda

Í gildum skólans koma fram mikilvægar áherslur á góða líðan. Á hverju skólaári er leitast við að meta líðan nemenda með spurningakönnunum þar sem spurt er um líðan nemenda og einelti. Slíkar kannanir voru í tvígang lagðar fyrir nemendur og niðurstöður úr fyrri könnun ræddar í foreldraviðtölum. Spurningakönnun var einnig lögð fyrir foreldra um líðan barna þeirra. Nemendapíng var haldið þar sem nemendur ræddu ýmis málefni skólastarfsins þar sem þeim gafst tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Allir nemendur skólans svöruðu spurningakönnunum. Svörun nemenda um líðan gefur til kynna að 80-86% nemenda líði vel eða mjög vel í þeim aðstæðum eða á þeim stöðum skólans sem spurt var um. Undantekning er líðan í búningasklefa þar sem aðeins rúmlega 70% svara því til að þeim

líði vel eða mjög vel. Niðurstöður um svörun um líðan í skólabíl gefa ekki rétta mynd þar sem fleiri nemendur svara en þeir sem ferðast með bílnum.

Í báðum nemendakönnunum sagðist einn nemandi vera lagður í einelti. Nokkrir nemendur telja að aðrir nemendur skólans séu lagðir í einelti. Í svörun nemenda í mars telja færri nemendur að aðrir nemendur séu lagðir í einelti en í janúar. Flestir segjast mundu láta vita ef þeir yrðu varir við einelti.

Litlar breytingar eru á niðurstöðum milli kannana í janúar og mars. Í kjölfar kynninga á niðurstöðum beggja spurningakannana fyrir nemendur voru settir upp póstkassar og nemendur hvattir til að setja þar skilaboð, nafnlaus eða með nafni, með ábendingum um einelti eða nánar um líðan sína. Nánari vísbendingar um einelti gáfust ekki með þessu móti.

Í kjölfar líðankönnunar nemenda í mars voru foreldrar beðnir um að svara rafrænni könnun um líðan barna þeirra. Vegna lítillrar svörunar foreldra er könnunin ekki marktæk. Þó kemur fram hjá nokkrum foreldrum að þeir telji að börn þeirra séu lögð í einelti og segjast hafa haft samband við skólann um málið.

Þar sem viðmið skólans er að a.m.k. 90% nemenda líði vel eða mjög vel og að einelti eigi ekki að eiga sér ekki stað í skólanum er þörf á úrbótum.

Styrkleikar

- Regulega er fylgst með líðan nemenda og einelti í nemendahópnum og haft samstarf við foreldra og nemendur um niðurstöður kannana
- Skólareglur eru sýnilegar í umhverfi skólans
- Tilbúin eru drög að öryggishandbók fyrir Reykjahlíðarskóla
- Tilbúin eru drög að áætlun um nemendalýðræði í Reykjahlíðarskóla

Tækifæri til umbóta

- Virkja formlegt tilkynningarblað um einelti
- Endurskoða stefnu um viðbragðsáætlun gegn einelti
- Fjalla um einelti og afleiðingar þess með nemendum
- Nemendur vinni að viðfangsefnum sem eflir sjálfstraust þeirra, heilbrigði og velferð

- Virkja uppeldisstefnuna Jákvæðan aga og nýta bekkjarfundi og nemendaþing til samræðna um mál sem krefjast úrlausna (t.d. varðandi líðan í búningsklefa)
- Endurskoða skólareglur með hliðsjón af uppeldisstefnunni Jákvæðum aga
- Ljúka við öryggishandbók
- Ljúka við áætlun um nemendalýðræði í samstarfi við nemendur
- Finna leið til að bæta svörun foreldra við könnunum t.d. með því að tengja foreldrakönnun við foreldraviðtöl

Innra mat (mat á starfi skólans við innra mat)

Matsþátturinn *innra mat* var metinn í heild sinni á skólaárinu. Eftirtaldir kaflar tilheyrast matsþættinum innra mat skv. ytra mati Menntamálastofnunar:

- Framkvæmd
- Skipulag
- Umbætur

Gagnaöflun:

- Fundargerðir kennara-, starfsmanna- og skólaráðsfunda
- Starfsmannakönnun - rafræn
- Starfsmannasamtöl - upplýsingar sem ekki eru trúnaðargögn
- Niðurstöður Lesferils, samræmdra prófa og annarra kannana skv. skimunaráætlun skólans
- Rýnihópar kennara
- Rýnihópar starfsmanna og foreldra
- Skólanámskrá, starfsáætlun og heimasíða skólans

Greining gagna

Skipulag

Í skólanámskrá er umfjöllun um þær leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Sett hefur verið fram langtímaáætlun til fimm ára þar sem gert er ráð fyrir að matsþættirnir þrír þ.e. stjórnun, nám og kennsla og innra mat verði metnir ítarlega á þriggja ára fresti. Á skólaárinu 2019-2020 var innra mat tekið til gagngerðrar endurskoðunar og er nú metið sérstaklega. Innra

mat hefur verið tekið reglulega fyrir á starfsmanna- og kennarafundum á skólaárinu og niðurstöður umræðna færðar í fundargerðir. Innra mat var ekki til umræðu í starfsmannaviðtölum en í spurningakönnun var starfsfólk spurt um viðhorf til innra mats á skólastarfi. Þar kom fram að allt starfsfólk telur innra mat mikilvægan þátt í skólastarfinu og samofið daglegu starfi skólans. Starfsfólk telur einnig að innra mat skólans sé sameiginlegt verkefni allra í skólasamfélaginu. Ekki var leitað eftir viðhorfum foreldra til innra mats í foreldrakönnun. Starfsfólk er spurt út í stefnu skólans í starfsmannasamtölum en markmið stefnu skólans hafa ekki verið metin formlega á skólaárinu. Í áætlun um innra mat er gert ráð fyrir að mat á kennslu fari fram. Skólastjóri gerði einu sinni formlega athugun á kennslu hjá hverjum kennara og veitti leiðsögn. Jafningjamat kennara var sett á áætlun en fór ekki fram vegna breytinga á skólahaldi í mars og apríl (Covid 19). Matslisti um fagmennsku kennara og um einstaklingsmiðað nám er á innri vef skólans en kennarar hafa nýtt sér form sem byggir á þeim matslistum. Sjálfsmat kennara er alltaf í gangi og kennarar lögðu fram mat á eigin kennslu sem var til umræðu í starfsþróunarsamtali samkvæmt viðmiðum matslista. Kennarar skiluðu inn yfirliti um kennsluáferðir sínar. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með reglubundunum hætti samkvæmt skimunaráætlun skólans.

Framkvæmd

Skólastjóri hefur borið ábyrgð á framkvæmd innra mats. Skipað var teymi til að hafa umsjón með framkvæmd matsins og leitast var við að hafa góð tengsl við alla hagsmunaaðila í gegnum skólaráð. Fulltrúar allra hagsmunaaðila geta þannig haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats en umsjón með innra matinu hefur fyrst og fremst hvílt á skólastjóra og kennurum í matsteyminu. Langtímaáætlun um innra mat og áætlun skólaársins var birt á heimasíðu skólans. Unnið hefur verið með niðurstöður úr ytra mati MMS frá 2019 og leitast við að framfylgja þeirri umbótaáætlun sem sett var í kjölfar ytra mats. Við öflun gagna hefur verið leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem málið varðar. Leitast hefur verið við að hafa gagnaöflunarleiðir fjölbreyttar og gagna hefur verið aflað með spurningakönnunum, matslistum, viðtölum, rýnihópum og með því að skoða fundargerðir um mál sem liggja til grundvallar því mati sem fram fer.

Umbætur

Greinargerð um innra mat er til staðar og þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra mat skólaársins. Eldri sjálfsmatsskýrslur eru á heimasíðu skólans nema fyrir árið 2018 - 2019. Á síðasta skólaári var unnið út frá umbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra mats og þeim umbótum hefur verið fylgt kerfisbundið eftir. Fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Í greinargerð er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett hafa verið. Niðurstöður munu verða kynntar helstu hagsmunaaðilum með kynningu á opnum fundi skólaráðs sem er fyrirhugaður í september. Skýrslan mun birtast á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun er unnin í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Tilgreindar eru aðgerðir sem vænst er að leiði til umbóta. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. Áætlanir um umbætur verða bornar undir skólaráð í september.

Styrkleikar

- Starfsfólk er meðvitað um innra mat og telur það sjálfsagðan hlut af skólastarfinu
- Starfsfólk er meðvitað um að ýmsa þætti þarf að endurskoða
- Sjálfsmatsteymið hefur unnið vel saman og haft samráð við skólaráð um innra matið
- Reyndar hafa verið nýjar gagnaöflunarleiðir við innra mat sem hæfa þörfum skólans
- Unnið hefur verið kerfisbundið eftir umbótaáætlun í kjölfar ytra mats

Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja betur þátt innra mats í foreldrakönnunum
- Gera mat á framkvæmd stefnu skólans og bera saman við skólastefnu sveitarfélagsins
- Mat á kennslu fari fram reglulega yfir skólaárið og áætlun um framkvæmd sé skýrt fram sett í starfsáætlun
- Fjalla um innra mat í starfsmannasamtölum
- Gæta að tengslum hagsmunaaðila við fulltrúa sína í sjálfsmatsteyminu og skólaráði
- Ljúka viðmiðum fyrir nám og kennslu og stjórnun og faglega forystu
- Aðlaga gæðaviðmið um innra mat betur að skólanum
- Nýta fleiri tiltæk matstæki og gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans.

Markmiðið er að allir matsþættir fái skær **GRÆNT** þegar þeir eru metnir. Þeir matsþætti sem fá **LJÓSGRÆNT**, **GULT** eða **RAUTT** fara í úrbótaferli.

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag. uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Sjálfrmatsteymi Reykjahlíðarskóla hefur sett það markmið að til þess að geta metið hvern kafla **GRÆNAN** þurfi kaflinn að uppfylla 90% af þeim viðmiðum sem sett hafa verið um gæðastarf.

Matsteymið hefur komist að niðurstöðu um að allir kaflar matsþáttarins *innra mats* séu **LJÓSGRÆNIR** sem þýðir að innan þeirra allra megi nú finna meiri styrkleika en veikleika, finna megi gott verklag og flestir þættir við innra mat samræmist lýsingu á gæðastarfi. Samt sem áður eru möguleikar á umbótum.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Þegar umbótum í kjölfar ytra mats verður lokið er það markmið Reykjahlíðarskóla að allir þættir innra mats verði **GRÆNIR**.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórneneda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þáttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun skólaársins 2020 - 2021

Allir þeir liðir sem teknir eru til úrbóta koma fram í [umbótaáætlun skólaársins 2020 - 2021 sem er hér að finna](#).